



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Strandabyggð
Hafnarbraut 25
510 Hólmavík

Reykjavík 10. janúar 2023

Tilv.: IRN22080158/4.12.2

Innviðaráðuneytinu hefur borist hjálögð erindi vegna meintrar ólögmætrar stjórnsýslu Strandabyggðar og hafa erindin verið sett í þann farveg að ráðuneytið hyggst taka til skoðunar hvort að ástæða sé til að fjalla formlega um stjórnsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í fyrra erindinu, sem barst frá fimm fyrrverandi fulltrúum í sveitarstjórn Strandabyggðar, er m.a. kvartað yfir því að erindi þeirra sem upphaflega var sent sveitarfélaginu 31. maí 2022 hafi ekki verið svarað, en samkvæmt meginreglu stjórnsýsluréttar ber stjórnvöldum að svara skriflegum erindum sem til þeirra berast þar sem óskað er eftir svári.

Í seinna erindinu, sem barst frá fjórum kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins, er m.a. kvartað undan því að oddviti sveitarfélagsins hafi hafnað því að setja tiltekin mál á dagskrá sveitarstjórnarfundar, en skv. 27. gr. sveitarstjórnarlaga á sveitarstjórnarmaður rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins.

Með vísan til 113. gr. sveitarstjórnarlaga er hér með óskað eftir umsögn sveitarfélagsins um aðdraganda og meðferð þeirra mála sem fram koma í fyrrgreindum erindum og þau lagasjónarmið sem afgreiðsla sveitarfélagsins byggði á í umræddum málum.

Skulu umbeðnar upplýsingar hafa borist ráðuneytinu rafrænt í netfangið irn@irn.is, eigi síðar en miðvikudaginn 1. febrúar nk. Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Björn Ingi Óskarsson